

***Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 14. október 2021: Fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um verkefni og verk þjónustu- og nýsköpunarsviðs - R21030087***

Fyrirspurnir fulltrúa Flokks fólksins í tengslum við verkefni og verk Þjónustu- og nýsköpunarsviðs Reykjavíkurborgar fyrir 2022. Í ljósi þess að verk sviðsins virðast vera í sífældri endurskipulagningu og endurmótun leggur fulltrúi Flokks fólksins fram eftirfarandi fyrirspurnir: Hefur verið notaður hugbúnaður hjá borginni sem ekki eru leyfi fyrir? Hafa verið tekin í notkun tölvukerfi sem ekki hefur verið leyfi fyrir? Hafa fjárfestingarverkefni ekki verið skilin frá almennum rekstrarkostnaði eins og áskilið var í reikningsskilum sveitarfélaga fyrir rúmum 20 árum síðan? Hvaða verkefni eru fjármögnuð með styrkveitingunni frá Bloomberg? Hvaða erindi á Reykjavíkurborg í því sambandi í hóp borga sem telja milli 7 og 9 milljón íbúa? R21030087